



Reykjavík, 2. ágúst 2018
VEL2018070021
BM/jge

Borgarráð
Ráðhúsi Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 REYKJAVÍK

Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokksins, Miðflokksins og Flokk fólksins um búsetuúrræði og meðferðarúrræði – R 18070088

Á fundi borgarráðs þann 19. júlí 2018 var eftirfarandi fyrirspurn lögð fram:

„Hvað er hæft í því að einstaklingur verði að vera með tryggt búsetuúrræði til að eiga kost á að nýta meðferðarúrræði heilbrigðiskerfisins?“

Svar:

Samkvæmt upplýsingum velferðarsviðs þá hamlar húsnæðisleysi ekki því að sjúklingar fái meðferðarúrræði við fikni – og geðheilbrigðisvanda í heilbrigðiskerfinu. Það staðfesta starfsmenn Sjúkrahússins Vogs og Geðsviðs Landspítala.

Öruggt húsnæði getur þó verið liður í því að góður árangur náist í meðferð og því er bagalegt ef fólk hefur ekki öruggt húsnæði að henni lokinni.

Virðingarfyllst,

Dís Sigurgeirsdóttir
Skrifstofustjóri